

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um húsleit á lögmannsstofum.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hyggst ráðherra bregðast við ítrekuðum tilfellum þar sem lögregla hefur lagt hald á gögn lögmannna við húsleit á lögmannsstofum, sem óheimilt er að gera skv. 2. másl. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 88/2008?
- Hvaða úrræði tryggja að ekki sé rofinn trúnaður lögmannna gagnvart skjólstæðingum þeirra við húsleit og haldlagningu á gögnum í vörslu þeirra?
- Telur ráðherra að réttarumgjörð lögmannna sé áfátt þegar þeir sæta þvingunarráðstöfunum af hálfu lögreglu í tengslum við brot skjólstæðinga þeirra?
- Hyggst ráðherra bregðast við þrábeiðni Lögmannafélags Íslands um að settar verði reglur um húsleit á lögmannsstofum?
- Hvernig telur ráðherra að hægt sé að vernda þagnarskyldu lögmannna gagnvart skjólstæðingum þeirra, sem er ein af undirstöðum réttarríkisins, þegar þeir sæta þvingunarráðstöfunum af hálfu lögreglu í tengslum við brot skjólstæðinga þeirra?
- Telur ráðherra að rétt sé að breyta lögum þannig að réttur skjólstæðinga lögmannna, sem grundvallast á ákvæðum stjórnarskrárinnar, á þagnarskylduákvæði laga um lögmennt og á mannréttindasáttmála Evrópu, verði virtur í raun ef lögmennt sæta þvingunarráðstöfunum af hálfu lögreglu í tengslum við brot skjólstæðinga þeirra?

Skriflegt svar óskast.